


Minnislisti aðstandenda

- Hafa samband við prest og útfararstjóra.
- Upplýsa Útfararstofu um fullt nafn, lögheimili, kennitölu, dánardag, dánarstað hins látna/hinnar látnu og nafn nánasta aðstandanda.
- Aðstandendur eða útfararstjóri hafa samband við prest.
- Útfararstofa sér um að flytja hinn látna /hina látnu af dánarstað í líkhús.
- Athuga hvort einhverjar óskir hafi legið fyrir um útför hjá hinum látna/hinni látnu.
- Velja kistu og líkklæði.
- Tímasetning og staður kistulagningar.
- Tónlist við kistulagningu.
- Dánarvottorð fengið og andlát tilkynnt til skiptaráðanda.
- Tímasetning og staður útfarar.
- Auglýsa andlát og útför í fjölmiðlum.
- Legstaður.
- Organisti, kór, einleikur, einsöngvari eða annað listafólk.
- Tónlist við útför, sálmar eða annað er valið í samráði við prest og útfararstjóra.
- Upplýsingar fyrir prest vegna minningarorða.
- Sálmaskrá.
- Blómaskreyting eða fáni á kistu.
- Blóm á altari.
- Blóm og kransar frá aðstandendum.
- Blóm og kransar afþakkaðir.
- Líkmenn við athöfn og í kirkjugarði.
- Hverjir bera blóm og kransa.
- Erfisdrykkja.
- Trékross og skilti á leiði.
- Þakkir í blöð.
- Útfararstyrkur frá stéttarfélagi.
- Útfylla eyðublað hjá útfararstjóra ef bálför er valin.
- Greftrun á duftkeri.
- Prestur viðstaddur greftrun á duftkeri.

Vistvænar íslenskar kistur



Þegar andlát ber að

Aðstoð við alla þætti útfarar
Traust og persónuleg þjónusta



Gagnheiði 43 • 800 Selfossi
Sími 482 4300

www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Vistvænar íslenskar kistur,
krossar og duftker

Útfararþjónusta

Fylgd annast útfarir um allt Suðurland og á höfuðborgar-
svæðinu.

Í Gagnheiði 43 er góð aðstaða til að taka á móti aðstand-
endum.

Hægt er að leita til Fylgdar hvenær sólarhringsins sem er.



Gísli G. Guðmundsson



Svanbildur Eiríksdóttir



Elfar F. Sigurjónsson

Upplýsingar

Aðstandendur hafa samband við útfararstjóra eða prest.
Þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir eru; Fullt nafn
hins látna/hinnar látnu, lögheimili, kennitala, dánar-
staður, dánardagur, nafn nánasta aðstandanda, lögheimili
hans, kennitala og sími.

Líkflutningur

Fylgd sér um að flytja hinn látna/hina látnu af dánarstað
í líkhús.

Dánarvottorð

Læknir gefur út dánarvottorð sem aðstandendur fara með
til sýslumanns og fá leyfi til greftrunar.

Skipulagning

Útfararstjóri og aðstandendur ákveða stað og stund til að
hittast, til dæmis á útfararstofunni og skipuleggja kistu-
lagningu og útför, í samráði við prest.

Kistur, krossar og líkklæði

Starfsmenn Fylgdar smíða vistvænar kistur, bólstra að
innan, sauma sængurföt og líkklæði.

Kisturnar okkar eru með hefðbundnu sniði og yfirleitt
hvítlakkaðar, en hægt er að fá þær í ýmsum litum.
Einnig smíðum við viðarkistur, leiðiskrossa og vistvænar
duftker.

Fylgd sér um snyrtingu og frágang hins látna/hinnar
látnu í kistuna.



Merking á leiði

Fylgd útvegar skilti á krossa, sem sett er á leiði að
lokinni útför.

Kistulagning

Viðstaddir kistulagningu eru nánustu aðstandendur og
vinir. Kistan er höfð opin ef hægt er og blæja yfir andliti
hins látna/hinnar látnu.

Í samráði við prest er ákveðið hvort eða hvenær blæjan
er tekin af. Í lok athafnarinnar ganga aðstandendur að
kistunni og signa yfir hinn látna/hina látnu, eða kveðja á
sinn hátt.

Útför

Nánasta fjölskylda hins látna/hinnar látnu situr jafnan á
fremstu bekkjum vinstra megin í kirkjunni en líkmenn
hægra megin. Algengast er að sex eða átta nánir ættingi-
ar eða vinir beri kistuna. Kistan er borin út undir eftir-
spilinu. Ef blóm og kransar eru við kistu, þarf að ákveða
hverjir beri þá úr kirkjunni.

Hefðbundin útför:

*Forspil · Bæn · Sálmur · Ritningarlestur
Sálmur eða tónlistarflutningur
Guðspjall · Sálmur · Minningarorð
Sálmur, einsöngur eða einleikur
Bæn · Faðir vor · Sálmur
Moldun · Sálmur · Blessun
Eftirspil*

Kistan er borin út úr kirkju í líkbíl. Aðstandendur fylgja
líkbíl í kirkjugarð. Kistan er borin úr bíl og látin standa
ofan á gróf eða látin síga. Prestur segir nokkur orð og fer
með bæn. Syrgjendur signa yfir kistuna eða kveðja á sinn
hátt.



Duftker

Bálför

Bálför fer fram eins og hefðbundin útför, nema kistan er
ekki borin til grafar.

Askan er varðveitt í duftkeri eftir bálför. Í samráði við
útfararstjóra ákveða aðstandendur hvenær duftkerið er
jarðað, þó eigi síðar en ári eftir útför. Oftast er prestur
viðstaddur þegar duftker er jarðsett.

Legsteinar

Fylgd er með umboðssölu á legsteinum í samstarfi við
S. Helgason. Við sjáum um niðursetningu og frágang á
legsteinum í kirkjugarði.

